

Nd.

504. Breytingartillögur

[36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni, Steingrími Steinþórssyni og Jóni Pálmasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Fyrir orðin „og hreppsvegir“ í 1. gr. laganna komi: hreppsvegir og nýbýlavegir.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar gr., svo hljóðandi:
 - a. Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Nýbýlavegir eru aðalvegir um lönd, sem nýbýlastjórn hefur tekið að sér að koma í byggð.
 - b. Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Nýbýlavegir skulu lagðir með hliðsjón af því skipulagi byggðarinnar, sem gert hefur verið eða samþykkt af nýbýlastjórn ríkisins, og hefur landnám ríkisins umsjón með allri vinnu við nýbýlavegi í samráði og samvinnu við vegamálastjóra um framkvæmd vegagerðarinnar.
Vegagerð þessi kemur til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til hennar á fjárlögum.
Nú er lokið við að leggja nýbýlaveg að dómi vegamálastjóra, og er hlutaðeigandi sýslunefnd þá skylt að taka veginn upp í tölu sýsluvega og annast viðhald hans. Heimreið eða veg af nýbýlavegi til nýbýlis kostar nýbýlingur og nýbýlastjórn í sameiningu, en nýbýlingur viðhaldið.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um breyt. á vegalögum, nr. 34. 1947, og lögum nr. 116 1951, um breyt. á þeim lögum.